

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar vegna rammahluta um þróun byggðar í Vaðlaheiði.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 6. maí 2026 breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 26. júní 2025.

Í breytingunni felst að mörkuð er heildstæð stefna um þróun byggðar í Vaðlaheiði á um 1.090 ha svæði. Rammahlutinn tekur til landsvæða innan sveitarfélagamarka Svalbarðsstrandarhrepps og Eyjafjarðarsveitar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 6. maí 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 7. maí 2026